



Fréttabréf hreppsnefndar Kjósarhrepps 2018



Á síðustu árum hefur starfsemi sveitarfélagsins Kjósarhrepps aukist mjög að umfangi og margt hefur áunnist. Framkvæmdum við lagningu á heitu vatni um stóran hluta sveitarfélagsins frá hitaveituborholum á Möðruvöllum er að mestu lokið og hefur þátttakan farið fram úr björtustu vonum.

Byrjað var að bora eftir heitu vatni í landi Möðruvalla 1 á árinu 2010 og nú 8 árum síðar eru margir íbúar sveitarfélagsins að ylja sér við hitann sem er mikil lífskjarabót. Lagning hitaveitunnar er eitt stærsta verkefni og framfaramál sem ráðist hefur verið í af hálfu sveitarfélagsins allt frá því að rafmagnið var tengt á sjötta áratug síðustu aldar. Hitaveitan eykur lífsgæði fyrir íbúa og gesti sveitarfélagsins og er einnig til þess fallin að auka atvinnuuppbyggingu í sveitarfélaginu.

Vegna hitaveituframkvæmdanna réðst Kjósarhreppur í að kaupa jörðina Möðruvelli 1 á árinu 2013 til að tryggja sveitarfélaginu hitaréttindin. Af hálfu hreppsins var ákveðið að stofna einkahlutafélagið Kjósarveitur ehf í ársbyrjun 2015 til þess að halda utan um allar framkvæmdir við hitaveituna og rekstur hennar. Kjósarveitur ehf. er að öllu leyti í eigu Kjósarhrepps, sem er eigandi alls hlutfjár að nafnvirði kr. 168 milljónirkróna.

Frá Kjósarveitum ehf.



Að teknu tilliti til verðlagsbreytingar er framkvæmdin vel innan áætlunar, enda gætt ítrustu hagkvæmni, allt boðið út og eftirlit í höndum viðurkenndra aðila. Mikil hagræðing fólst í því að vinna verkefnið svo hratt sem kostur var. Það hjálpaði að lánastofnanir höfðu tröllatru á vönduðum áætlunum okkar og bökkudu okkur upp. Þær höfðu eftirlit með öllum áætlunum og kostnaði og sáu að allt stóðst hjá okkur. Ársreikningur

Kjósarveitna ehf. fyrir árið 2017 liggur fyrir samþykktur og undirritaður, og er að finna í heild sinni inn á heimasíðu Kjósarveitna: <http://www.kjos.is/kjosarveitur-ehf/>. Stofnkostnaður hitaveitunnar er langt á einn milljarð króna og samkvæmt ársreikningnum eru skuldir Kjósarveitna ehf að frádregnum veltufjármunum vel undir helmingi þess sem verkið kostaði. Áætlanir gera ráð fyrir því að tekjur af sölu á heitu vatni verði um 50 milljónir króna í árslok 2018 og hækki síðan jafnt og þétt næstu árin, þegar fleiri sem núþegar eru með tengingu fari að njóta hennar auk þeirra sem búast má við að bætist við í viðskiptamannahópinn, nýbyggingar og breyttar aðstæður.

Við töldum að tryggja þyrfti meirihluta íbúðarhúsa og 60% frístundahúsa til að gulltryggja fjárfestinguna. Í árslok höfðu 73% frístundahúsaeigenda fengið hitaveitulagnir upp að húsum sínum og 93% íbúðarhúsaeigenda. Þegar þetta bréf er skrifað eru 81% íbúðarhúsa byrjuð að nota heita vatnið og 39% frístundahúsa, eða um 46% allra notkunarstaða sem búið er að leggja að. Þetta hlutfall mætti vera hærra en nú er að koma kippur í tengingar með hækkandi sól.

Styrkgreiðslur frá ríkinu vegna lagningar hitaveitu á rafhituðu svæði skv. lögum nr. 78/2002 eru byrjaðar að skila sér og horfur eru á að greiðslurnar frá ríkinu muni skila sér jafnt og þétt á árinu eftir því sem íbúðarhús, sem eru með niðurgreitt rafmagn, tengjast. Nú er verið að

vinna að undirbúningi á endurfjármögnun þeirra skammtímaskulda sem hvíla á framkvæmdinni og færa það sem þarf yfir í langtímalán eins og gert var ráð fyrir í upphafi.

Í vor verður farin lokaúttekt á framkvæmdasvæðinu eftir óvenju harðan vetur. Jarðvegur hefur víða látið á sjá, vegir og vegslóðar hafa lyfst óvenju mikið út af frosti og þar sem hitaveitulögnin haggast ekki þá myndast hvörf í vegum sem er óraunhæft að fara í lagfæringar á, fyrr en frost er alveg farið úr jörðu og yfirborðsvatn kemst niður. Í júní verður haldið áfram með þær heimæðar sem eru komnar á biðlista. Verktakar verða í framhaldinu kallaðir til þegar hagstæður fjöldi tenginga er kominn á biðlista hverju sinni.

Stjórn Kjósarveitna ehf. er skipuð Pétri Guðjónssyni, Bæ, sem er formaður stjórnar, Karli Magnúsi Kristjánssyni, Eystri-Fossá, Sigurði Ásgeirssyni, Hrosshól, Guðmundi Davíðssyni, Miðdal, og Jóni Bjarnasyni, formanni sumarhúsafélagsins í Norðurnesi. Sigríður Klara Árnadóttir er framkvæmdastjóri Kjósarveitna ehf og Kjartan Ólafsson er rekstrarstjóri.

Frá Leiðarljósi ehf.



Samhliða lagningu hitaveitu í sveitarfélaginu var lagt **ljósleiðararör** til þess að íbúar sveitarfélagsins, fyrirtæki og gestir, geti notið aðgangs að nútímatækni í fjarskiptum og samskiptum og aðgangs að sjónvarpsefni. Stefnt hafði verið að því að blása ljósleiðaranum í rörin síðastliðið haust en sú áætlun stóðst ekki vegna frestunar á afhendingu ljósleiðararastrengjanna frá Nestor í Finnlandi. Ljósleiðarastrengirnir eru nú komir í

hús og er stefnt að því að hefja blástur þeirra í rörin um leið og frost fer úr jörðu en hætta er á því að víða séu frostkögglar í rörunum sem kunna að hefta blásturinn.

Af hálfu sveitarfélagsins var stofnað einkahlutafélagið Leiðarljós um framkvæmdir og rekstur ljósleiðarakerfisins en stofnun félagsins var talin nauðsynleg m. a. vegna reglna sem gilda á evrópska efnahagssvæðinu um rekstur slíks fyrirtækis. Kjósarhreppur hefur þegar lagt til ljósleiðaraframkvæmdanna um 85 milljónir króna en verkefnið hefur verið styrkt ríkinu og nemur þegar fenginn styrkur um 28 milljónum króna. Sótt hefur verið um frekari styrki vegna verkefnisins og má gera ráð fyrir því að frekari styrkur af hálfu ríkis verði um 30 milljónir króna sem sem greiðist við verklok.

Mikilvægt er að þeir sem hafa áhuga á að tengjast ljósleiðara og hafa ekki nú þegar sótt um tengingu, sækji um það sem fyrst þar sem nú er verið að leggja lokahönd á hönnun verksins. Umsóknareyðublöð er að finna á slóðinni: <http://www.kjos.is/umsoknareydublod/>. Óhjákvæmilega verður alltaf dýrara að koma inn seinna. Samningar standa yfir við Reykjavíkurborg um tengingu ljósleiðarans við ljós frá Kjalarnesinu en til að fá ljósið í Kjósina þarf að sækja það að Fólkvangi á Kjalarnesi í gegnum lendum Reykjavíkurborgar og Reykvíkinga.

Fjárfesting vegna ljósleiðarans hefur að mestu leyti þegar farið fram en eftir er að greiða fyrir hönnun, blástur og kostnaðinn við að ná í ljósið niður á Kjalarnes. Engar lántökur frá lánastofnunum hafa átt sér stað hjá sveitarfélaginu eða einkahlutafélaginu Leiðarljósi ehf.

vegna ljósleiðaraframskiptanna. Gert er ráð fyrir því að framlag Kjósarhrepps til Leiðarljóss ehf. vegna verkefnisins verði síðar breytt í hlutafé í Leiðarljósi ehf. að því marki sem tengigjöld duga ekki til að ljúka fjármögnun á stofnkostnaðinum. Við áætlanir hefur þó verið ráð fyrir því gert að framlag frá ríki og inntökugjöld vegna ljósleiðarans standi undir öllum stofnkostnaði. Gera má ráð fyrir því að reikningar fyrir tengigjöldum verði sendir fljótlega til þeirra aðila sem þegar hafa sótt um tengingu við ljósleiðaranetið.

Stjórn Leiðarljóss ehf. skipa þeir aðilar sem eiga sæti í hreppsnefnd sveitarfélagsins og er Guðmundur Davíðsson, Miðdal, formaður stjórnar, Sigríður K. Árnadóttir, Klörustöðum, Sigurður Ásgeirsson, Hrosshóli, Þórarinn Jónsson, Hálsi og Guðný G. Ívarsdóttir, Flekkudal.

Enginn launa, stjórnunar- eða skrifstofukostnaður hefur verið reiknaður eða greiddur hjá Leiðarljósi ehf. en vinnuframlag vegna félagsins hefur verið unnið af starfsmönnum sveitarfélagsins og Kjósarveitna ehf. Framkvæmdastjórn er í höndum sveitarstjóra.

Kjósarveitur ehf. og Leiðarljós ehf. eru fyrirtæki sem teljast til B-hluta í reikningskilum sveitarfélagsins.

Frá Kjósarhreppi.

Endurskoðaður ársreikningur sveitarfélagsins liggur ekki fyrir við útgáfu þessa fréttabréfs en endurskoðendur sveitarfélagsins eru að leggja lokahönd á gerð ársreikningsins.

Samkvæmt bráðabirgðaniðurstöðum og samkvæmt upplýsingum endurskoðanda má gera ráð fyrir því að nokkuð góður hagnaður hafi verið á rekstri sveitarfélagsins, A og B hluta, á árinu 2017. Ársreikningurinn verður birtur á vef sveitarfélagsins kjos.is um leið og reikningurinn hefur verið samþykktur.

Fasteignagjöld. Eigendur fasteigna í sveitarfélaginu hafa kvartað sáran undan mikilli hækkun sem orðið hefur á álgögðum fasteingagjöldum og vísa jafnan til þess að eigendur fasteigna fái ekki aukna þjónustu til samræmis. Fasteignagjöld eru skattur en ekki bein þjónustugjöld og hefur sveitarfélagið Kjósarhreppur ekki með álagningastofninn (fasteignamatið) að gera. Sveitarfélagið hefur hins vegar lækkað álagningaprósentu til að bregðast við með þeim hætti sem mögulegt er.

Það var fjallað um það í fjölmiðlum síðastliðið vor að fasteignamat í Kjósarhreppi myndi hækka um allt að 41% árið 2018. Kjósarhreppur brást við með að lækka álagninguna á íbúðar- og frístundahús úr 0,5 í 0,4%. Heildarupphæð fasteignagjalda hækkaði þá um rúmar kr 6,5 milljónir frá árinu 2017 eða um 12% af tæplega 1200 fasteignum í sveitarfélaginu. Ástæða mikillrar hækkunar á fasteingamati í hreppunum er vegna þess að söluverð eigna í sveitarfélaginu hefur hækkað. Rétt er að benda eigendum fasteigna í Kjósarhreppi á að sækja má um endurmat á fasteignamati hjá Fasteignamati ríkisins ef aðilar eru ósáttir með fasteignamat á eignum sínum.

Félagsþjónustan. Kostnaður vegna félagsþjónustu í sveitarfélaginu hefur aukist um helming frá árinu 2016 og var á árinu 2017 tæplega 9,5 milljónir króna eða um 5.5% af skatttekjum. Um er að ræða verulega aukningu á þjónustu í þessum málaflokki og tekur þjónustan yfir breiðari hóp einstaklinga en áður var.

Fræðslu- og uppeldismál. Á árinu 2017 var ráðstafað úr sveitarsjóði í þennan málaflokk um 65 milljónum króna eða um 38% af skattekjum. Átján börn með heimili í Kjósarhreppi fara með skólabil í Klébergsskóla, eitt barn stundar nám í Klettaskóla, eitt í Ísaksskóla og eitt barn í Landakotsskóla. Sveitarfélagið sinnir einnig skyldum sínum við þrjú börn sem fara í leikskólann Berg á Kjalarnesi. Tveir einstaklingar fá greiddar heimgreiðslur vegna barna.



Sorpmálin er sá málaflokkur sem vert er að hafa áhyggjur af í rekstri sveitarfélagsins en kostnaður vegna sorphirðu er mikill og fer sívaxandi. Heildarkostnaður vegna sorphirðu 2017 var um 17 milljónir króna og 7 milljónir króna vegna tæmingar á rotþróum að auki. Álögð gjöld vegna sorphirðu á árinu 2017 voru 9,2 milljónir króna og kostnaður vegna hreinsunar á rotþróum 6,3 milljónir króna.

Álögð gjöld vegna sorphirðu og vegna tæmingar á rotþróum er ekki skattur heldur þjónustugjöld og eiga gjöldin að standa undir kostnaði.

Ástæða fyrir miklum sorphirðukostnaði er meðal annars neikvæð flokkun sorphirðuaðila á sorpi úr gámum sem staðsettir eru við frístundahúsahverfin. Í þessa gáma á aðeins að fara **heimilissorp** en einhverra hluta vegna freistast menn til að setja í gámana sorp (grófan úrgang) sem þar á ekki heima. Við þetta breytist flokkun sorphirðuaðilans í flokkinn "grófur úrgangur", sem er hæsti gjaldflokkur í urðun. Einnig hefur magn úr gámnum með „grófan úrgang“ á endurvinnsluáætluninni þrefaldast frá árinu 2016. Með samstilltu átaki eigenda fasteigna, íbúa og gesta í sveitarfélaginu, í því að standa betur að flokkun sorpsins, má lækka kostnaðinn við sorphirðuna og þ. m. t. lækka álögð sorphirðugjöld.

Viðræður standa nú yfir við Gámapjónustuna um að bæta einni tunnu enn við íbúðarhús fyrir plast og verður það væntanlega að veruleika með vorinu.

Það var skipt út aðstöðuhúsi fyrir starfsmann á planinu en gamla var orðið ónýtt.

Skipulags- og byggingarmál. Kostnaður við þennan málaflokk voru tæpar 9 milljónir króna á árinu 2017 og skýrist sá kostnaður að miklu leyti af því að undanfarin 2 ár hefur staðið yfir vinna við endurskoðun aðalskipulags. Skipulagsvinnu þessari, sem þarfnast kostnaðarsamrar sérfræðilegrar vinnu, er á lokametrum og nánast tilbúin til yfirferðar af hálfu Skipulagsstofnunar ríkisins.

Umferða- og samgöngumál. Í þann málaflokk ráðstafaði sveitarfélagið tæpum 2.5 milljónum á árinu 2017 vegna snjómoksturs og reiðvegamála.

Sameiginlegur kostnaður sveitarfélagsins á árinu 2017 var um kr. 42.6 milljónir króna eða um 25% af skattekjum. Sameiginlegur kostnaður í reikningum sveitarsjóðs er vegna reksturs skrifstofunnar í Ásgarði en þar eru, auk sveitarstjóðs, rekin veitufyrirækin Kjósarveitur ehf. og Leiðarljós ehf. Um er að ræða kostnaðarlið í reikningum sveitarsjóðs sem tekur til launa yfirstjórnenda sveitarfélagsins og til allra þóknana til nefnda- og sveitarstjórnarmanna. Undir liðnum er einnig færður kostnaður vegna kaupa hreppsins á sérfræðilegri þjónustu vegna bókhalds og vegna lögfræðilegrar aðstoðar. Ræsting, kostnaður vegna tölvu- og hugbúnaðar, kostnaður vegna viðhalds áhalda og tækja o.fl. og annars almenns rekstur skrifstofunnar heyrir einnig þarna undir.

Launamál stjórnenda og starfsmanna hreppsins. Borið hefur á umræðu í sveitarfélaginu um launahækkanir yfirstjórnenda Kjósarhrepps sem urðu fyrir ákvörðun Kjararáðs, sem starfað hefur samkvæmt lögum nr. 130/2016. Hreppsnefnd, sem tók til starfa eftir kosningar 2014, tók þá ákvörðun að tengja laun yfirstjórnenda og nefnda hreppsins við launaákvæðanir Kjararáðs. Ákvörðun hreppsnefndar á þessum tíma kom til vegna hvatningar frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Sambandinu þótti mjög óeðlilegt að hreppsnefndarmenn persónulega og/eða sveitarstjórnir víða um land væru á ákvarða laun sín sjálfir.

Sambandið hvatti sveitarfélög almennt til að tengja laun yfirstjórnenda og nefnda við ákvarðanir Kjararáðs til að gæta jafnræðis milli sveitarfélaga. Sveitarfélögin myndu þó sjálf ákveða starfshlutföll innan sinna sveita. Samkvæmt þessu leiðarljósi ákvað hreppsnefnd að tengja þóknanir hrepps- og starfsnefnda Kjósarhrepps við ákvarðanir Kjararáðs með sama hætti og mörg önnur sveitarfélög í landinu.

Prósentuhlutfall þóknana fyrir setu í nefndum hreppsins tók mið af sambærilegum sveitarfélögum 16% fyrir starf oddvita, 8% fyrir setu manna í hreppsnefnd, 3% fyrir formennsku manna í nefnd og 2% fyrir setu í öðrum nefndum en hreppsnefnd. Sveitarstjóri er með 92% starfshlutfall.

Vinnuframlag hjá yfirstjórnendum sveitarfélagsins hefur um margt breyst á síðustu misserum. Aukin umsvif hreppsins, m. a. við framangreindar verkframkvæmdir, hafa kallað á aukið vinnuframlag. Sveitarstjóri sér nú einn um starfið á skrifstofunni en áður voru tveir starfsmenn í 72% starfshlutfalli hvor. Skipulags- og byggingarfulltrúi er í 20% starfshlutfalli.

Bókun reikninga sveitarfélagsins fer fram hjá PWC og er öll bókun aðgengileg yfirstjórnendum á svokölluðu "skýi", þar sem fylgjast má með bókhaldi í rauntíma. Af hálfu skrifstofu hreppsins er bókhaldið unnið í hendur bókara með skilgreiningum á bókhaldslyklum og afstemningum. Þessi ráðstöfun horfir til mikils fjárhagslegs sparnaðar hjá sveitarfélaginu frá því sem áður var.

Laun til handa oddvita/sveitarstjóra voru verulega hækkuð og gerð að 100% starfi á árinu 2006. Launakostnaður yfirstjórnar og skrifstofu er hærri í dag en sem nemur framreiknaðri launavísitölu frá því ári.

Heildarlaunakostnaður sveitarfélagsins og í rekstri A-hluta hefur þó lækkað töluvert sem hlutfall af heildartekjum A-hluta á síðustu árum eins og lesa má af eftirfarandi samanburði.

| Laun sem hlutfall af h.tekjum Kjósarhrepps | Árið 2008 | Árið 2009 | Árið 2010 | Árið 2011 | Árið 2012 | Árið 2013 | Árið 2014 | Árið 2015 | Árið 2016 | Árið 2017 |
|--|-------------|-------------|-------------|-------------|-------------|-------------|-------------|-------------|-------------|-------------|
| Heildartekjur | 106.466.000 | 101.808.000 | 105.436.000 | 122.434.000 | 131.982.000 | 141.551.000 | 151.290.000 | 173.227.000 | 186.008.000 | 225.000.000 |
| Heildarlaun | 20.427.000 | 21.865.000 | 26.134.000 | 26.311.000 | 28.237.000 | 28.108.000 | 30.626.000 | 31.402.000 | 27.209.000 | 29.060.612 |
| Heildarlaun sem hlutfall af heildartekjum | 19% | 21% | 25% | 21% | 21% | 20% | 20% | 18% | 15% | 13% |

Heildartekjur Kjósarhrepps í A-hluta á árinu 2017 var um 225 milljónir sem sýnir að umfang í starfsemi hreppsins hefur aukist verulega á síðustu árum.

Í upplýsingum um sveitarfélög 2016 frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga er lögð fram þessi spurning. Hvar stendur þitt sveitarfélag í samanburði við önnur varðandi laun og launatengd gjöld í hlutfalli við tekjur A-hluta. Í skýrslunni segir að laun og launatengdur kostnaður sé að jafnaði um helmingur af rekstrarkostnaði sveitarfélaga. Á árinu 2016 var þetta hlutfall 15% hjá Kjósarhreppi sem var áttunda lægsta hlutfallið af sjötíuogfjórum sveitarfélögnum og bráðabirgðaniðurstöður vísa til þess að á árinu 2017 verði þetta hlutfall 13%.

Kjósarskarðsvegur. Í sumar verður klárað að leggja bundið slitlag á Kjósarskarðsveg en hreppsnefnd hefur barist fyrir vegabótum á Kjósarskarðsvegi í næstum 30 ár.

Íbúðin í Ásgarði hefur verið í útleigu til verktaka sem unnið hafa við hitaveitu- og ljósleiðaraframkvæmdir undanfarin 2 ár. Íbúðin verður áfram leigð til verktaka sem vinna munu að því að ljúka við lagningu slitlags á Kjósarskarðsveg í sumar.

Félagsgarður. Leigusamningur var gerður við Einar Tönsberg á síðasta ári til tveggja ára. Umhverfi Félagsgarðs var tekið í gegn fyrir nokkrum árum og keyptir voru nýjir stólar í húsið. Nú er komið að endurnýjum borða og skoðuð verður tillaga um að byggja við salinn geymsluhúsnæði/viðbyggingu. Aðstaðan sem nýtt hefur verið sem geymsla hefur lekið í mörg ár og munir hafa þar legið undir skemmdum.

Útihúsin á Möðruvöllum 1 hafa verið í notkun sem birgðageymsla vegna veituframkvæmdanna undanfarin tvö ár. Hluti af húsunum hafa einnig verið leigð fyrir tjaldvagna og hjólhýsi.

Sala á lóðum. Kjósarhreppur kaupir Möðruvelli 1 á árinu 2013 eins og að framan greinir. Með í kaupunum fylgdu um 30 skipulagðar frístundahúsalóðir í Norðurnesi ásamt 4 öðrum lóðum á skipulögðu svæði við Brekkur og Læki. Ákveðið var að fara af stað með sölu á þessum lóðum á síðast ári. Sala á lóðunum hefur gengið með ágætum og má vænta að söluvirði þeirra, þegar upp verður staðið, gangi til þess að greiða niður upphaflega fjárfestingu á jörðinni að verulegu leyti. Nýverið gekk sveitarfélagið frá sölu á sumarhúsalóð að Flóðatanga í Harðbalahverfi til þeirra aðila sem höfðu haft lóðina til leigu til fjölda ára.

Tölvuvinnsla og bókhald. Í árslok 2016 var skipt um bókhaldskerfi fyrir sveitarfélagið. Tekin var ákvörðun um að fara alfarið yfir í Dk hugbúnað, sem inniheldur bæði fjárhagsbókhald, viðskiptamanna- og lánardrottnabókhald, auk launabókhalds. Þegar sveitarfélagið hefur tengst ljósleiðara þá mun verða mögulegt fyrir Dk hugbúnað að taka yfir hýsingu og afritun á bókhaldsgögnum.

Heimasíða

Nýlega var gengið frá kaupum á nýrri heimasíðu fyrir Kjósarhrepp. Sú heimasíða sem nú er í notkun telst vera barn síns tíma. Núverandi heimasíða þjónar ekki nútíma kröfum í tækni og vísindum. Upplýsingaveitur hafa oft verið í formi skriflegra fréttabréfa, fréttabréfa eins og þessu. Ný heimasíðan mun leitast við að veita íbúum sveitarfélagsins upplýsingar um fjárhagsmálefni nær rauntíma en áður. Heimasíðan mun m. a. innihalda svokallaðar „mínar síður“, þar sem viðskiptamenn Kjósarhrepps, Kjósarveitna ehf. og Leiðarljóss ehf. geta séð reikninga sína og prentað út upplýsingar eftir þörfum. Álagningarseðlar fasteignagjalda eru

sem áður aðgengilegir á „Ísland.is“. Stefnt er að ekki verði sendir út af skrifstofunni neinir pappírar árið 2019.

Á síðasta ári var fest kaup á forritinu „Seyru“ frá Loftmyndum en í gegnum það geta fasteingaeigendur fylgst með á heimasíðunni hvenær rotþróin var hreinsuð og hvernig ástandi hennar er háttað.

Skjalavarsla. Björn Hjaltason, sveitungi, er nú að leggja lokahönd á að skrá niður öll eldri skjöl sem eru í gagnasafni Kjósarhrepps. Verkefni þetta hófst árið 2014 með svokallaðri námsmannavinnu. Tveir framhaldsskólanemar voru í fyrstu fengnir til verksins og skráðu þeir niður um 2000 skjöl í sumarleyfum sínum árin 2014 og 2015. Hreppurinn hefur stefnt að því að öll skjöl Kjósarhrepps skuli varðveitt á skrifstofum sveitarfélagsins og hefur verið gert ráð fyrir því að eitt herbergi í Ásgarði verði nýtt undir safn að þessu leyti.

Ný persónuverndarlöggjöf. Núna stendur Kjósarhreppur frammi fyrir innleiðingu á nýrri persónuverndarlöggjöf sem veitir aðilum aukna persónuvernd við alla skjalavörslu og vinnslu persónuupplýsinga. Þessi nýja löggjöf veitir sveitarfélögum tækifæri til framfara með bættri skráningu, vinnslu og vistun upplýsinga við aukið gagnaöryggi.

Íbúafundur

Að frumkvæði sveitarfélagsins mun verða haldinn íbúafundur þegar Skipulagsstofnun hefur heimilað Kjósarhreppi að auglýsa nýtt aðalskipulag sitt 2017-2029. Þar verður skipulagið kynnt og íbúum sveitarfélagsins verður gefinn kostur á að ræða málefni sveitarfélagsins og leita nánari upplýsinga um rekstur þess og önnur málefni.

Íbúafundurinn verður auglýstur nánar síðar.